



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN OG HEIÐURSVIÐURKENNING VEITT Á BESSASTÖÐUM

Útflutningsverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, miðvikudaginn 19. apríl, kl. 14:30. Einnig verður afhent sérstök heiðursviðurkenning til einstaklings sem aukið hefur hróður Íslands á erlendri grundu.

Sigsteinn Grétarsson, formaður úthlutunarnefndar, tilkynnir hvaða fyrirtæki hlýtur verðlaunin og forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson afhendir þau. Forseti afhendir einnig heiðursviðurkenningu til einstaklings. Gripirnir, sem verðlaununum fylgja, eru eftir Ragnhildi Stefánsdóttur myndhöggvara og Guðrínu Halldórsdóttur keramiklistamann.

Í dómnefnd vegna verðlaunanna sátu að þessu sinni Sigsteinn Grétarsson, stjórnarformaður Íslandsstofu, Björgólfur Jóhannsson frá Viðskiptaráði, Runólfur Smári Steinþórsson frá Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Þórunn Sveinbjörnsdóttir frá Alþýðusambandi Íslands og Örnólfur Thorsson frá embætti forseta Íslands. Íslandsstofa er bakhjarl Útflutningsverðlaunanna.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna.

*19. apríl 2017*

*Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Brynja Bjarkadóttir (849 8425) hjá Íslandsstofu.*